

# Fundargerð 327. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2010, föstudaginn 12. mars kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 11:00 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og var framhaldið í húsakynnum Faxaflóahafna kl. 12:00.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur M. Kristinsson, Björn Magnússon, Már Sveinbjörnsson, Björg Ágústsdóttir, Skúli Þórðarson og Guðmundur Kristjánsson varamaður. Helga Jónsdóttir var í símasambandi frá kl. 12:00.

Að auki sat Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri fundinn og ritaði hann fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fjármál og rekstur hafna - 0605013HA

Undir þessum dagskrárlið sátu fundinn samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Kristján L. Möller, Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, og Karl Alvarsson, skrifstofustjóri samgöngu- skrifstofu ráðuneytisins.

Lögð fram að nýju skýrsla og tillögur nefndar sem samgönguráðherra skipaði í febrúar 2009 til þess að fjalla um hvernig bregðast megi við fjárhagsvanda hafna. Jafnframt var lögð fram samantekt formanns hafnasambandsins með samandregnum niðurstöðum nefndarinnar, dags. 12. mars 2010.

*Formaður hafnasambandsins, Gísli Gíslason, gerði nánari grein fyrir samantekt sinni þar sem m.a. kemur fram að meginniðurstöður nefndarinnar eru að endurskoða þurfi grunnforsendur hafnalaganna frá 2003 en þær samkeppnisforsendur sem löggin byggjast á eiga vart við rök að styðjast. Samkvæmt skýrslu nefndarinnar er almenn fjárhagsstaða hafna afleit og kallað er eftir raunhæfum og markvissum aðgerðum til þess að snúa þeirri stöðu til betri vegar. Þá lagði formaðurinn áherslu á að ákvæði hafnalaga um upplýsingaskyldu hafna væru óljós og yllu ágreiningi við viðskiptavinum og notendur hafnanna um hversu víðtæk upplýsingaskyldan á að vera. Þetta ákvæði þyrfti að einfalda.*

*Að lokum ítrekaði formaðurinn ósk hafnasambandsins um nauðsyn þess að heimilað verði í lögum að tengja álagningu aflagjalds við aflaverðmæti, en hafnasambandinu hafa þegar borist drög að frumvarpi frá ráðuneytinu þar að lútandi sem stjórn hafnasambandsins er ekki fullkomlega sátt við. Fram kom að lagaumhverfi hér á landi er miklu strangara gagnvart gjaldskráum hafna en t.d. annars staðar á Norðurlöndum.*

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sagði nefndina um fjárhagsvanda hafna*

*hafa unnið gott verk og lýsti sig reiðubúinn til þess að setja af stað vinnu við heildarendurskoðun hafnalaga á næstunni. Hann óskaði jafnframt eftir álit og tillögum frá hafnasambandinu um drög að frumvarpi til laga um tengingu aflagjalds við verðmæti afla sem fyrst svo koma megi frumvarpinu til meðferðar á Alþingi á yfirstandandi vorþingi.*

Fundinum var framhaldið í húsakynnum Faxaflóahafna kl. 12:00. Á fundinn komu Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins.

## **2. Álagning aflagjalds - 0901001HA**

Lögð fram drög að frumvarpi til breytinga á hafnalögum um innheimtu aflagjalds.

*Farið var yfir helstu athugasemdir stjórnarmanna við frumvarpsdrögin. Guðjón Bragason reifaði og lagði fram hugmyndir um breytingar á frumvarpsdrögunum. Formaðurinn lagði áherslu á að aflagjaldið sé ekki eingöngu þjónustugjald heldur eigi það einnig að standa að hluta til undir fjárfestingum hafnanna.*

*Formanni var falið í samráði við Guðjón Bragason að móta tillögu að breytingum á 17. gr. hafnalaga á grundvelli þeirrar umræðu sem fram fór á fundinum.*

## **3. Vigtun sjávarafla - 0901002HA**

Lagt fram bréf Grundarfjarðarbæjar, dags. 8. mars 2010, þar sem óskað er liðsinnis stjórnar hafnasambandsins vegna vandkvæða sem hafa komið upp við vigtun sjávarafla. Þess hefur verið krafist að notaðar séu sjálfvirkar vogir við vigtun afla með samfelldum hætti fyrir og eftir slægingu. Vigtunaraðilar hafa undafarin ár ekki farið að þessu ákvæði, enda um dýran búnað að ræða sem minni hafnir og vigtunaraðilar munu varla leggja í að fjárfesta í.

*Stjórn hafnasambandsins tekur undir erindi Grundarfjarðarbæjar og samþykkir að vísa erindinu til samráðshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um vigtun sjávarafla, sem þeir Már Sveinbjörnsson og Björn Arnaldsson eiga sæti í fyrir hönd hafnasambandsins.*

## **4. Frumvarp til laga um br. á lögum um veiðieftirlitsgjald - 1003001HA**

Lagt fram bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. febrúar 2010, þar sem óskað er umsagnar hafnasambandsins um frumvarp til laga um veiðieftirlitsgjald (strandveiðigjald), 371. mál. Einnig lagt fram svarbréf Hafnasambands Íslands, dags. 2. mars 2010, þar sem því er lýst að hafnasambandið styðji frumvarpið enda sé í því fólgin almenn viðurkenning á því að hafnirnar eigi að fá auknar tekjur af þeirri starfsemi sem þeim tengist. Lögð er áhersla á að ráðstöfun strandveiðigjalds til þeirra hafna, sem þessara tekna eiga að njóta, verði gagnsæ og sanngjörn.

*Stjórnin staðfesti áður senda umsögn hafnasambandsins.*

#### **5. Ársreikningur 2009 - 0603008HA**

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2009.

*Samþykkt var að vísa ársreikningnum til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum hafnasambandsins og til kynningar hjá aðildarhöfnunum.*

#### **6. Fundargerð 326. fundar - 1001001HA**

Lögð fram fundargerð 326. fundar stjórnar frá 19. febrúar.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

Næsti fundur er ráðgerður 15. og 16. apríl ásamt ferð um sunnanverða Vestfirði.

Fundi var slitið kl. 13:00.

---

Gísli Gíslason

---

Ólafur M. Kristinsson

---

Björn Magnússon

---

Már Sveinbjörnsson

---

Björg Ágústsdóttir

---

Skúli Þórðarson

---

Helga Jónsdóttir

---

Guðmundur Kristjánsson

---

ritari